

Ed.

508. Nefndarálit

[204. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífshjara.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta hefur verið til athugunar í rúman mánuð á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda þingsins. Í prentuðu nefndaráliti 1. minni hluta neðri deildar nefndarinnar er ítaleg grein gerð fyrir viðhorfum Alþýðubandalagsins til efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á seinustu 8 mánuðum, og er þar litlu við að bæta.

Í stuttu máli sagt er það afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna til frv. að við erum meðmæltir skattalækkun, enda hefur núverandi ríkisstjórn aukið stórlega skattaálagur á þjóðina, m. a. með 2% hækkun söluskatts, um leið og hún hefur

rýrt lífskjör almennings mjög verulega, svo að fólk á nú fyrir höndum að greiða hæstu skatta, sem nokkurn tíma hafa verið á lagðir, með hlutfallslega minni tekjum en fólk hefur hafi um langt skeið. Við Alþýðubandalagsmenn teljum það rétta stefnu, að talsverður hluti þessarar skattalækkunar sé framkvæmdur með afnámi söluskatts af matvörum og afnámi tolla af innfluttum ávöxtum. Við erum aftur á móti andvígir því, að ríkisstj. rétti hlut ríkissjóðs vegna þessara skattalækkana með niðurskurði á ríkisútgjöldum, einkum þar sem sýnt er, að þessi niðurskurður á fyrst og fremst að bitna á verklegum framkvæmdum víðs vegar um land.

Við viljum, að teknanna til að standa undir minnkuðum skatttekjum sé aflað á tvennan hátt. Við viljum afnema verulegan hluta af hinum fáránlegu fyrningarheimildum skattalaga, sem nú eru í gildi, einhvern verðhækkunarstuðul fyrningarreglnanna og ákvæðin um flýtifyrningu. Ætla má, að þessi breyting ein hefði í för með sér 1100—1200 millj. kr. auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Í öðru lagi viljum við hækka tekjuskatt af hátekjum. Samkv. frv. ríkisstj. getur tekjuskattur orðið 40% af skattgjald tekjum, en við leggjum til, að skattur á tekjur hjóna, sem hafa meira en 1750 þús. kr. skattgjaldstekjur (þ. e. um 2 millj. 300 þús. kr. brúttótekjur), verði 45% af því, sem er fram yfir 1750 þús. kr. og 50% af því, sem er fram yfir 2 750 þús. kr. skattgjaldstekjur (3 millj. 700 þús. kr. brúttótekjur) hjóna.

Með hliðsjón af þessum tekjuöflunartill. teljum við sjálfsagt, að lækkun á útgjöldum ríkisins samkv. fjárl. ársins 1975 nemi ekki meira en 1500 millj. kr. Við leggjum á það þunga áherslu, að þar verði einungis um að ræða lækkun rekstrarútgjalda, en þess verði gætt, að þessi niðurskurður hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né á framlög til félagsmála. Við afgreiðslu fjárlaga 1975 varð furðulega mikil hækkun á almennum rekstrarútgjöldum ríkisins. Hækkaði þessi liður milli áranna 1974 og 1975 um 76%. Við teljum því allmiklar líkur á því, að skera mætti þar nokkuð niður að skaðlausu.

Ég hef hér gert grein fyrir afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna til tveggja meginatriði þessa frv. Þriðja meginatriðið er fjármögnun framkvæmda og stofnlánasjóða með innlendu og erlendu lánsfé. Þar er mikið stórmál á ferðinni enda ræðst hraðinn í uppbyggingu íslenskra atvinnuvega mjög af því, hvernig hagað er fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna. Nú eru horfur á því, að opinberum fjárfestingarlánasjóðum verði haldið á þessu ári í meira sveltí en verið hefur um langt skeið. Á þetta einkum við Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins, og bendir flest til þess, að þessir sjóðir geti engan veginn gegnt hlutverki sínu vegna þess, hve smátt er til þeirra skammtað miðað við þarfirnar. Ég flyt því till. um verulega aukna fjáröflun til stofnlánasjóða atvinnuveganna.

Frv. ríkisstj., eins og það var afgr. frá Nd., einkennist í stuttu máli sagt af samdráttar- og niðurskurðarstefnu ríkisstj. í atvinnu- og fjárfestingarmálum. Þessi stefna er röng og háskaleg og getur haft hinar verstu afleiðingar fyrir atvinnuástand í landinu og byggðaðróun víðs vegar um land.

Við Alþýðubandalagsmenn munum freista þess að koma fram gagngerum breytingum á þessu frv. í samræmi við þau sjónarmið, sem ég hef hér lýst, en nái þær ekki fram að ganga, munum við, enda þótt við séum samþykkir nokkrum jákvæðum atriðum þessa frv., greiða atkv. á móti því.

Alþingi, 25. apríl 1975.

Ragnar Arnalds.